

Fjárhagsáætlun SSNE 2021 og 2022, endurskoðuð í september 2021

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) leggja fram endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 og endurskoðuð drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.

Eins og fram kom á ársþingi SSNE 16. og 17. apríl 2021 var ekki stuðst við ákveðnar reikni- eða verklagsreglur þegar tekin var ákvörðun um framlög sveitarfélaga til reksturs SSNE fyrir árið 2021 og þar með var það ekki tryggt að framlög sveitarfélaga fylgdu launapróun. Fyrir liggur að launakostnaður er um 80% af rekstrartekjum. Var samþykkt á ársþinginu að framlög sveitarfélaga fyrir árið 2022 myndu hækka umfram launavísitölu til að félagið geti staðið undir launakostnaði. Að því er stefnt að framlög vegna ársins 2023 og síðar muni síðan fylgja áætlaðri þróun launavísitölu.

Gert er ráð fyrir því að tekjur til reksturs SSNE verði samtals u.þ.b. 151,8 m.kr. á árinu 2021. Er það hækkun um tvær m.kr. frá áætlun sem sett var fram á ársþinginu og felst það í þátttöku Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar í launakostnaði verkefnastjóra SSNE á Tröllaskaga.

Tekjur SSNE ársins 2022 eru áætlaðar 159,8 m.kr. sem er hækkun um tæpar 5 m.kr. frá fyrri áætlun sem skýrist af sömu ástæðum, þátttöku sveitarfélaga á Tröllaskaga í launakostnaði verkefnastjóra. Því skal haldið til haga að sveitarfélögin á Tröllaskaga fá vinnuframlag frá verkefnastjóranum í samræmi við þátttöku í launakostnaði. Aðrir liðir eru lítið breyttir frá fyrri áætlun.

Rekstrartekjur SSNE skiptast í:

- Framlög Jöfnunarsjóðs
- Framlög Jöfnunarsjóðs vegna sóknaráætlunar
- Framlög sveitarfélaga
- Framlög Byggðastofnunar vegna atvinnuþróunar
- Framlög Norðurþings vegna atvinnuþróunar
- Framlög Dalvíkurbyggðar vegna atvinnuþróunar
- Framlög Fjallabyggðar vegna atvinnuþróunar

Áætlaðað er að kostnaður við yfirstjórn verði u.þ.b. 143,4 m.kr. á árinu 2021 og 155,5 m.kr. á árinu 2022. Yfirstjórn SSNE skiptist í eftirtalda liði:

- Þing SSNE - deild 21
- Stjórnarfundir SSNE - deild 22
- Aðra fundir stjórnar - deild 23
- Skrifstofu SSNE (framkvæmdastjóri og verkefnastjóri reksturs) - deild 24
- Skrifstofa atvinnuþróunar og nýsköpunar - deild 25
- Verkefnastjóri menningarmaál - deild 26

Stutt yfirferð yfir einstakar deildir yfirstjórnar:

Deild 21 Þing SSNE:

Gert er ráð fyrir staðarfundum auk þings SSNE í desember 2021. Það felur ekki í sér kostnað við gistingu en gera verður ráð fyrir kostnaði við veitingar og akstur. Ársþing SSNE 2022 verður væntanlega staðarfundur og því er gert ráð fyrir kostnaði við veitingar, akstur og gistingu.

Deildir 22 og 23 Stjórn SSNE og aðrir fundir stjórnar:

Kostnaður við stjórn 2021 gerir ráð fyrir 14 stjórnarfundum. 9 fundir hafa verið haldnir og 4 fundir á dagskrá það sem eftir lifir ársins og skilið er eftir rými fyrir einn aukafund ef þarf. Í fyrri áætlun var gert ráð fyrir fleiri fundum en reynslan hefur sýnt að með aukinni reynslu SSNE er í flestum tilfellum nægjanlegt að halda einn stjórnarfund í hverjum mánuði. Á árinu 2022 er gert ráð fyrir einum fundi í mánuði 11 mánuði ársins og frí í júlí. Jafnframt er rými fyrir þrjú aukafundi á árinu ef þarf. Eins og fram kom á ársþingi í apríl er gert ráð fyrir því að lækking stjórnarlauna sem ákveðin var á aukþingi SSNE í desember 2020 gangi til baka árið 2022.

Undir aðra fundi stjórnar fellur t.d. seta stjórnarformanns í stjórn Markaðsstofu Norðurlands

Deildir 24, 25 og 26 Skrifstofa atvinnuþróunar og nýsköpunar og menningarmál

Reynt er eftir fremsta megni að skipta kostnaði niður á viðkomandi deildir samtakanna en þegar kostnaður er ekki sérgreindur fellur hann á skrifstofu SSNE (deild 24). Þetta á einna helst við um:

- Kostnað við bókhald og endurskoðun.
- Kostnað við rekstur tölvukerfis.
- Aðkeypta þjónustu vegna samræmingar tölvukerfis.
- Símakostnað.
- Skrifstofukostnað, s.s. pappír, prentun o.þ.h.
- Tryggingar.

Umsýsla vegna sóknaráætlunar er 12 m.kr. á árinu. Þessi fjárhæð nýtist í rekstur sóknaráætlunar, s.s. nefndarlaun, ferðakostnað, funda- og viðskiptakostnað, auglýsingar o.fl. Það sem stendur eftir er fært sem tekjur á skrifstofu SSNE, 7,3 m.kr. á árinu 2021 og 6,4 m.kr. á árinu 2022. Aukinn kostnaður við rekstur sóknaráætlunar á árinu 2022 felst einna helst í auknum launa- og ferðakostnaði fagraða og úthlutunarnefndar. Þá er horft til undirnefndar umhverfismála sem og fleiri staðfunda. Raunverulegur kostnaður við rekstur sóknaráætlunar er þó meiri en kostnaður við bókhald, endurskoðun og prentun fellur á skrifstofuna.

Launaliður deildar 24 lækkar um 2,6 m.kr. frá fyrri áætlun af þeirri ástæðu að verkefnastjóri reksturs hefur látið af störfum og nýr verkefnastjóri kemur ekki til starfa fyrir en í desember. Liðurinn „annar starfsmannakostnaður“ hækkar umtalsvert frá fyrri áætlun eða úr 800 þús í 2,2 m.kr. sem skýrist af kostnaði við að ráða í lausar stöður. Liðirnir skrifstofuáhöld og rekstur tölvukerfis voru hækkaðir frá fyrri áætlun vegna kaupa og uppsetningar á nýjum tölvum.

Ekki var gert ráð fyrir kostnaði vegna árgjalda og endurmenntunar og námskeiða í fjárhagsáætlunum fyrra árs. Atvinnuráðgjafar hafa setið námskeið á árinu og munu gera meira af því í framtíðinni og var því ákveðið að bæta þeim lið við deildir 24, 25 og 26 í fjárhagsáætlun. Undir liðinn falla einnig árgjöld í grænlenks-íslenska viðskiptaráðið og norðurslóða viðskiptaráðið. Áfram er gert ráð fyrir töluverðum kostnaði við rekstur tölvukerfis sem fellur á skrifstofu 24. Kostnaður við mánaðaráskrift hjá Þekkingu og DK sem og rekstur þriggja heimasíðna er áætlaður rúmar 2 m.kr. árið 2021. Annar áætlaður kostnaður er þjónusta frá

Bekkingu sem ekki er tilgreind í þjónustusamningi og áframhaldandi vinna við að koma upp skjalakerfi. Annar kostnaður vegna starfs verkefnastjóra menningarmála, en er hér tilgreindur, fellur á skrifstofu SSNE.

Launakostnaður í deild 26 lækkar frá fyrri áætlun vegna starfsloka verkefnastjóra menningarmála í júní og nýr verkefnastjóri hóf störf 1. september sl.

Aðrar deildir:

Deild 31 Samstarf landshluta:

Hér er um að ræða kostnað vegna samstarfs landshlutasamtakanna, þ.e. ferðakostnað framkvæmdastjóra og stjórnarformanns.

Deild 32 Svæðisskipulag Eyjafjarðar:

Í svæðisskipulagsnefnd sitja 14 nefndarmenn og er allur kostnaður sem fellur til vegna verkefnisins endurgreiddur af sveitarfélögunum. Árin 2021 og 2022 er gert ráð fyrir launum formanns 12 mánuði ársins og þremur fundum.

Deild 41 Aðgerðaáætlun:

Um er að ræða laun fulltrúa SSNE í starfshópum/verkefnastjórnnum, s.s. aðgerðahóp um Akureyrarflugvöll, starfshóp sem hefur það hlutverk að skilgreina svæðisbundið hlutverk Akureyrar og starfshóp um stafrænt ráð sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir átta fundum undir þessum lið.

Deild 50 Evrópuverkefni:

Verkefni (Bizmentors) sem verkefnastjóri hjá SSNE sinnir. Allur kostnaður sem fellur til verður endurgreiddur. Í fyrri áætlun var g.r.f. hagnaði en þar sem greiðslur berast seint var ákveðið að endurskoða afkomu verkefnisins í fjárhagsáætlun samhliða uppgjöri á verkefninu í árslok 2022. Bizmentor módelið var sett af stað í Galway á Írlandi árið 2012 til að vinna gegn neikvæðri samfélagsþróun sem fólst í miklu atvinnuleysi og einnig var samfélagið að berjast við afleiðingar fjármálahrunsins. Bizmentor felst í því að para fólk úr atvinnulífínu saman við frumkvöðla eða aðra sem vilja þróa eitthvað innan fyrirtækis hjá sér á markvissan og skipulagðan hátt. Einnig verður búinn til vefvangur fyrir verkefnið. Árið 2018 fékk Ísland styrk úr Norðurslóðaáætluninni til að útfæra módelið á afmörkuðu svæði til að byrja með. Með verkefnastjórnun fara Embla Eir Oddsdóttir hjá Norðurslóðaneti Íslands og Silja Jóhannesdóttir verkefnastjóri hjá SSNE.

Deild 51 Nýsköpunarverkefni - Víkurskel:

Verkefnið, sem lauk í lok maí á þessu ári, byggir á samningi við Vinnumálastofnun (VMST) um frumkvöðlastarf innan fyrirtækis eða stofnunar. Verkefnastjóri var ráðinn tímabundið til starfa hjá Víkurskel. Meðal helstu verkefna eru undirbúningur og framkvæmd tilraunaræktunar á þörungum og ostrum. Verkefnið er fjármagnað af VMST annars vegar og úr sóknaráætlun hins vegar og ber SSNE því engan kostnað af því.

Deildir 61 og 63 Brothættar byggðir:

Byggðastofnun greiðir framlög vegna reksturs á verkefnisins Betri Bakkafjörður. Núverandi verkefnastjóri verkefnisins mun láta af störfum í lok maí og er því g.r.f. kostnaði við ráðningu nýs starfsmanns. Þar sem framlög Byggðastofnunar verða lækkuð á næsta ári er ekki svigrúm til að greiða fyrir húsaleigu/rafmagn fyrir nýjan verkefnastjóra. Þá fellur ýmiss annar kostnaður, s.s. bókhald, endurskoðun, rekstur tölvukerfis

og símakostnaður á skrifstofu 24. Af fjárhagsáætlun má draga þá ályktun að hagnaður sé af verkefninu „Betri Bakkafjörður“ en svo er ekki. SSNE leggur til kostnað í verkefni brothættra byggða vegna m.a. bókhalds og endurskoðunar, reksturs tölvukerfis, aðkeyptrar þjónustu vegna samræmingar tölvukerfis og trygginga. Sá kostnaður er ekki sérgreindur og fellur á skrifstofu 24.

Tekin var ákvörðun um að halda verkefninu „Glæðum Grímsey“ áfram til loka árs 2022. Verkefnisstjóri var ráðinn í verkefnið í 50% starf og hóf störf 1. ágúst sl.